

Grunnskólinn á Ísafirði
Veturinn 2024-2025



Bekkjarnámskrá
3. bekkjar



Bekkjarnámskrá

Umsjónarkennarar: Árný Herbertsdóttir og Elín Sveinsdóttir

Stuðningsfulltrúar: Qamar Firtas Sultan Alsadon, Sigrún Waltersdóttir og Soffía Ingimarsdóttir.

Sérkennari: María Lárusdóttir.

Námstilhögun og kennsluaðstæður: Í 3. bekk eru 40 nemendur, í tveimur bekkjum. Í stofum 206 og 207.

Námsmat: Einkunnir gefnar í bókstöfum, A, B, B+, C, C+ og D. Fjölbreytt símat yfir veturinn og vitnisburður afhentur að vori.

Á yngsta stigi er kennt er eftir kennsluaðferðinni Byrjendalæsi. Í Byrjendalæsi er vinna með tal, hlustun, lestur og ritun felld í eina heild undir hatti læsis. Ennfremur eru sértækir þættir móðurmálsins, svo sem hljóðvitund, réttiritun, skrift, orðaforði, setningabygging og málfræði, tengdir inn í ferlið. Gengið er út frá því að börn þurfi að fá lesefni sem kveikir áhuga þeirra, ýtir undir ímyndunaraflíð og hvetur til gagnrýnnar hugsunar.

Undir Byrjendalæsi samþættum við íslensku og náttúrufræði en námsmat verður sér í íslensku og náttúrufræði. Samfélagsfræði og lífsleikni eru kennd saman.

ÍSLENSKA

Námstilhögun: Í íslensku er að miklu leyti unnið samkvæmt Byrjendalæsi. Valdar eru bækur með vandaðan og merkingabæran texta og fjölbreyttan orðaforða miðað við aldur nemenda. Sagan er lesin og svo unnið með boðskap, orðaforða, setningar og orð á margvíslegan hátt. Í íslensku er einnig lögð áhersla á lestur, skrift, ritun og grunnþætti í málfræði.

LESTUR:

Markmið: Stefnt er að því að allir nemendur verði læsir og geti lesið sér til gagns og ánægju. Áhersla er lögð á góðan og skýran framburð jafnt í upplestri sem í tali. Nemendur æfa sig að flytja texta fyrir áheyrendur. Nemendur eru hvattir til að temja sér bóklestur og gera hann að sjálfsögðum hluta daglegs lífs. Markmið 3. bekkjar í lesfimi fyrir lestrarhraða eru: fyrsta viðmið 55 orð á mínútu, annað viðmið 100 orð og svo þriðja viðmið 120 orð á mínútu að vori og lesskilningur á texta við hæfi.

Námsefni: Lestrarbækur, vinnubækur og verkefni, ýmist að eigin vali eða valdar af kennurum, ásamt ýmsu efni útbúnu af kennurum.

Heimavinna: Nemendur eiga að lesa upphátt heima a.m.k. 5 sinnum í viku. Það er mikilvægt að foreldrar taki virkan þátt í lestrarnáminu og hjálpi börnunum að gera lesturinn að venju.

Námsmat: Lögð eru fyrir lesfímipróf þrisvar sinnum yfir veturinn, sept., jan. og maí. Einnig taka nemendur lesskilningskönnunina Orðarún í nóvember og mars.

RITUN OG SKRIFT:

Markmið: Að nemendur dragi rétt til stafs og geri sér grein fyrir réttum hlutföllum stafa í skrift. Jafnframt að nemendur þjálfist í að skrifa margs konar texta frá eigin brjósti eða eftir heimildum. Nemendur noti stóra og litla stafi á viðeigandi hátt og hafi bil á milli orða.

Nemendur leggi sig fram um að stafsetja rétt. Nemendur læri tengiskrift.

Námsefni- viðfangsefni: Nemendur skrifa sögur og frásagnir af ýmsum toga. Auk þess eru notaðar bækurnar *Ritrún 2 og 3*, *Lesrún*, *Ítalíuskrift* og *Skrift 1 og 2*. Einnig er unnið er með vísur, ljóð, upplestur og söng.

Námsmat: Símat með endurgjöf og skriftarkönnun í janúar og maí.

SAMFÉLAGSFRÆÐI:

Kennarar: Árný Herbertsdóttir og Elín Sveinsdóttir

Markmið: Nemendur læra að nota margskonar kort og kynnast örnefnum og merkjum stöðum í heimabyggð. Þeir læra um upphaf byggðar á Íslandi og hvað orðið samfélag þýðir. Nemendur fræðast um jólin í kristnum sið og hátíðir í öðrum trúarbrögðum. Fræðast um víkingatímabilið og kynnast nokkrum landnámsmönnum.

Námsefni/viðfangsefni: Stuðst verður við ýmsar handbækur s.s.. *Komdu og skoðaðu landakort*, *Komdu og skoðaðu landnámið*, *Litlu landnemarnir* og *Könnun kortin 2* ásamt ýmsu itarefni.

Námsmat: Símat á verkefnum með endurgjöf. Verkefni eru sett fram í samhengi við ákveðna lykilhæfni sem stefnt er að.

NÁTTÚRUFRAEÐI:

Kennarar: Árný Herbertsdóttir og Elín Sveinsdóttir

Markmið: Að nemendur geri sér grein fyrir áhrifum vatns og vinda. Uppbygging jarðarinnar og áhrif eldstöðva. Fjallað um sólina og áhrif tunglsins á sjávarföll og reikistjörnur og himingeiminn. Gerðar verða ýmsar tilraunir.

Námsefni: *Halló heimur 2, Komdu og skoðaðu himingeiminn, Komdu og skoðaðu hafid, Hrafninn.*

Námsmat: Símat á verkefnum með endurgjöf. Verkefni eru sett fram í samhengi við ákveðna lykilhæfni sem stefnt er að.

STÆRÐFRAEÐI:

Kennarar: Árný Herbertsdóttir og Elín Sveinsdóttir

Markmið: Unnið verður áfram með undirstöðuatriði stærðfræðinnar, hugtök og tákni. Nemendur nái auknum tókum á samlagningu, frádrætti, margföldun og deilingu. Ýmis atriði kynnt, t.d. mælingar, rúmfræði o.fl. Nemendur geti fundið ólíkar leiðir við lausn verkefna, skráð niðurstöður og rætt um stærðfræðileg efni.

Námsefni: *Sproti 3A og 3B (Nemendabók og Æfingahefti), Húrraheftin, stærðfræði í Ipad, (Multi) og annað æfingaefni.*

Námsmat: Kaflapróf eftir hvern kafla. Miðannarkönnun í janúar og lokakönnun í maí.

ENSKA:

Kennarar: Árný Herbertsdóttir og Elín Sveinsdóttir

Markmið: Að byggja upp áhuga og jákvætt viðhorf til tungumálsins og skapa aðstæður þar sem nemendur geta notað málið á einfaldan hátt.

Notuð verður tónlist, hreyfingar og ímyndun í leik ásamt námsbók.

Námstilhögun: Ein kennslustund á viku.

Námsefni: Yes we can 2 og vefefni valið af kennurum.

Námsmat: Umsögn

LÍFSLEIKNI:

Kennari: Árný Herbertsdóttir og Elín Sveinsdóttir

Markmið: Að vinna gegn einelti og efla félagsþroska nemenda.

Að nemendur læri gildi sjálfsábyrgðar í leik og starfi

Að nemendur þjálfist í framkomu og hæfni til að umgangast vini og félagi.

Að nemendur geti unnið með öðrum og sett sig í spor þeirra.

Að nemendur læri um gildi þess að ganga vel um náttúruna og allt sitt daglega umhverfi.

Að nemendur þjálfist í að tjá hugsanir sínar og skoðanir frammi fyrir bekknum.

Námsefni: Uppbyggingarstefnan. Farið verður í ýmsar samskipta-, sögur, leiki og spil og ýmislegt sem þjálfar nemendur í að koma vel fram við aðra.

Námsefni: Ýmis verkefni tengd uppbyggingarstefnunni, klípusögur, samstöðuleikir og sjálfstyrkingarverkefni.

Námsmat: Ekki formlegt námsmat en styður við bekkjarbrag og lykilhæfni í öðrum námsgreinum.

TÓNMENT:

Kennarar: Árný Herbertsdóttir og Elín Sveinsdóttir. Ásamt Ástu frá Tónlistarskóla Ísafjarðar (Syngjandi skóli).

Markmið: Að þjálfra söngrodd, tóneyra og taktskyn nemenda. Að stækka tónlistarheim þeirra með hlustun á vandaða og fjölbreytta tónlist og kynnast ólíkum tónskáldum og tónlistarfólki.

Námsmat: Ekki formlegt námsmat.

DANS:

Kennarar: Sigurrós Eva Friðþjófsdóttir

Markmið:

- Nemendur eiga að:
- Tekið þátt í skapandi dansferli með jafningjum undir leiðsögn kennara. Að nemendur efli hreyfigetu, læri einfalda samsetningu grunnspora í algengum dönsum og öðlist samhæfingu handa og fóta.
- Að nemendur geti skynjað hrynjandi og sérkenni hennar í hreyfingu og tónlist.
- Að nemendur temji sér almennar kurteisivenjur í samskiptum og taki tillit til annarra
- Að nemendur vinni með sköpun
-

Námstilhögun: Kennt er einu sinni í viku í stofu 122

Námsgögn: Sýnikennsla, verkleg kennsla, Videó og mismunandi tónlist

Námsmat: Nemendur fá gefin tákni fyrir metanleg hæfniviðmið. Loka einkunn í formi bókstafs að vori.

SUND:

Kennari: Atli Freyr Rúnarsson, Árni Heiðar Ívarsson

Markmið: Leggja megináherslu á aðlögun barnsins að vatninu í leik og með æfingum í leik. Mikilvægt er að nemendur fái jákvæða upplifun í kennslustundum og njóti þess að sækja sundtíma. Áherslur verða lagðar á bringusundsfótatök, skriðsundsfótatök, samsett sund, einfaldar æfingar, leiki, grunn hreyfingar og köfun.

Námstillhögun: 1*40 mín á viku

Námsmat: Símat yfir veturinn.

ÍÞRÓTTIR:

ÍÞRÓTTIR:

Kennarar: Árni Heiðar Ívarsson.

Markmið: Meginmarkmið skólaíþróttá er að stuðla að almennum hreyfifroska, efla samvinnu og hæfileika til tjáningar og sköpunar.

Námstillhögun: Hver nemandi fær 2 íþróttatíma á vik. . Kennslan fer fram í Íþróttahúsinu við Austurveg.

Námsmat: Skriflegar umsagnir gefnar í samræmi við námsferil vetrarins. Mæting, framkoma og virkni einnig metin.

ÚTIVIST:

Kennarar: Árný Herbertsdóttir og Elín Sveinsdóttir

Markmið:

- að efla jákvætt viðhorf til hreyfingar
- að efla jákvæða sjálfsmynd
- að svala hreyfiþörf og nýjungagirni
- að nemendur þekki nánasta umhverfi skólans
- að njóta þess að vera úti í náttúrunni

Námstillhögun: Gönguferðir, þrautir, leikir ofl.

Námsmat: Ekki formlegt námsmat.

UPPLÝSINGATÆKNI:

Kennarar: Árný Herbertsdóttir og Elín Sveinsdóttir

Markmið: Að nemendur geti notað ritvinnsluforrit og náð í upplýsingar af netinu. Að þeir læri rétta fingrasetningu. Nemendur auki við þekkingu sína og notkun á bókasöfnum. Þjálfist í notkun á stafrófinu og að fletta upp í ýmiskonar fræðiritum.

Námstilhögun: Unnið í tölvuveri þar sem fingrasetning er þjálfuð og undirstöðuatriði í ritvinnsluforritinu Word. Ýmis verkefni unnin á Ipad s.s. stærðfræði þjálfun, sögugerð og stafsetning.

Námsmat: Áhugasviðsverkefni, ástundun og vinnubrögð.

HRINGEKJA:

TEXTÍLMENNT:

Kennari: Kjartan Pálsson

Markmið: Að nemendur geti nýtt sér nokkrar vinnuaðferðir og nýti sér form og liti í eigin sköpun.

Efni: Notað er ýmis konar efni, t.d. garn, efni, perlur, pappír, o.fl.

Námstilhögun: Hringekja. Nemendur fá tvær kennslustundir á viku í u.þ.b. 6-7 vikur fyrir jól og 6-7 vikur eftir jól.

Námsmat: Lykilhæfni sem samanstendur af símati.

HEIMILISFRÆÐI:

Kennari: Guðlaug Jónsdóttir

Námstilhögun: Hringekja, fjórir hópar. Hver hópur tekur tvö tímabil í hverri grein.

Nemendur mæta í tvær samfelldar kennslustundir tvisvar sinnum í viku á hvoru tímabili.

Markmið í hringekju - að nemendur geti:

- tjáð sig á einfaldan hátt um heilbrigða lífshætti.
- valið hollan mat og útskýrt áhrif hans á líkama og líðan.
- farið eftir einföldum leiðbeiningum um hreinlæti og þrif.
- útbúið með aðstoð einfaldar og hollar máltíðir.
- farið eftir einföldum uppskriftum og notað til þess einföld mæli- og eldhúsáhöld.
- sagt frá helstu hættum sem fylgja vinnu í eldhúsi.

Lykilhæfni - að nemendur geti tekið leiðsögn á jákvæðan hátt.

Námsefni: Heimilisfræði 3.

Námsmat: Nemendur fá gefin tákni sem tengjast hæfniviðmiðum. Lokaeinkunn í formi bókstafs gefin

HÖNNUN OG SMÍÐI:

Kennari: Jón Heimir Hreinsson

Nemendur fá 3 kennslustundir á viku, þriðjung vetrar.

Námsefni : Vinnulýsingar frá kennara

Markmið:

Að nemandi geti:

- Valið og notað nokkur verkfæri sem hæfa viðfangsefni á öruggan hátt.
- Sýnt góða nýtingu þeirra efna sem unnið er með.
- Hagnýtt þá leikni sem hann hefur öðlast í einföldum verkefnum.
- Unnið einföld verkefni í hópi.
- Gengið frá eftir vinnu sína.

Námstilhögun: Verklegr kennsla í smíðastofu skólans og á skólalóð.

Námsmat: Hæfniviðmið metin eftir hverja lotu, símat og sjálfsmat nemenda. Lokaeinkunn byggist á símati kennara, metnum hæfniviðmiðum úr aðalnámskrá og sjálfsmati nemenda. að vori.

MYNDMENNT:

Kennari: Solveig Edda Vilhjálmsdóttir

Markmið: Að nemendur læri að greina og beita fjölbreyttum aðferðum og tækni. Nemendur læri að vinna með þrívídd, teikningu, málun og blandaða tækni. Efla þrautseigju og sjálfstæð vinnubrögð nemenda.

Námstilhögun: Nemendur eru í tveimur hópum, annarsvegar í myndmenntastofu og hinsvegar stofu 2017. Nemendur fá 1 kennslustund á viku allan veturinn.

Námsefni: Ýmis efniviður og námsgögn tekin saman af kennara.

Námsmat: Markmið metin við lok hvernar lotu. Lokaeinkunn byggist á símati.

FÉLAGSLÍF:

Nemendur 3. bekkjar taka þátt í hefðbundnu félagslífi skólans, skv. skóladagatali.

Árgangurinn er í vinabekkjartengslum við 10. bekk og stefnum á að hittast a.m.k. tvisvar sinnum yfir veturinn.

FORELDRASAMSTARF:

Umsjónarkennarar leggja mikla áherslu á gott samstarf við foreldra. Foreldraviðtöl með nemendum verða tvisvar í vetur, í október og febrúar.

Oftast er hægt að ná tali af kennurum utan kennslustunda, með tölvupósti eða að hringja í skólann 450-8300.

Á það skal lögð áhersla að foreldrar eru ávallt velkomnir í skólann, hvort heldur er á skemmtanir eða í heimsókn á venjulegum skóladegi.

Þrír foreldrar eru tengiliðir fyrir hönd foreldrahópsins. Tengiliðir leggja drög að atburðum á vegum foreldra og útvista verkefnum til foreldrahópsins.